



Skipulags- og byggingardeild Mosfellsbæjar
b.t. skipulagsfulltrúa
Þverholt 2
170 Mosfellsbær

Reykjavík, 16. apríl 2024

Efni: Umsögn Veitna vegna breytinga á deiliskipulagi Dallands í Mosfellsbæ.
Mál 1362/2024

Veitur hafa fengið til umsagnar tillögu nýju deiliskipulagi fyrir Dalland í Mosfellsbæ. Deiliskipulagstillagan felur í sér heimild til að byggja íbúðarhús, hesthús og reið- eða vélaskemmu. Heildarbyggingamagn innan landspildunnar skal ekki vera meira en 1.500 m².

Veitur benda á að kostnaður er samkvæmt gjaldskrá og í samræmi við reglugerð um framkvæmd raforkulaga. Heimilt er að krefjast greiðslu kerfisframlags af nýjum viðskiptavini ef væntanlegar tekjur dreifiveitu af hans viðskiptum standa ekki undir eðlilegum stofn- og rekstrarkostnaði.

Mikilvægt er að Veitum berist upplýsingar um áform og tímasetningar svo hægt sé að gera viðeigandi ráðstafanir.

Virðingarfyllst,
f.h. Veitna

Helga Rún Guðmundsdóttir